

8.6.2021

TILKYNNING VEGNA INNKÖLLUNAR Á EAT REAL QUINOA PUFFS MEÐ JALAPENO OG CHEDDAR

Tilkynning frá Innes ehf.

Með hliðsjón af neytendavernd hefur Innes heildsala ákveðið að taka úr sölu og innkalla **Eat Real Quinoa Puffs með Jalapeno og Cheddar**, 113g.

Ástæða innköllunar er sú að grunur leikur á að varan innihaldi mjólk, en varan er ekki merkt sem slík. Varan getur því verið hættuleg þeim eru með mjólkurþol eða mjólkurofnæmi en öðrum ekki.

Varan var seld til eftirfarandi verslana: Bónus og Hagkaup um land allt, Krambúðin, Kjörbúðin og Nettó um land allt, Melabúðin, Verslunin Einar Ólafsson ehf, Iceland Seljabraut, Vesturbergi og Engihjalla, Bláhornið, Bjarnabúð, Kaupfélag Vestur-Húnvetninga, Frú Lauga, Hamraborg Ísafirði, Fræið Fjarðarkaup, Verslun Kassans á tímabilinu 23.11.20 – 31.5.2021

Sérstök athygli er vakin á að innköllunin varðar allar dagsetningar sem eru á markaði á einungis **Eat Real Quinoa Puffs með Jalapeno og Cheddar** en ekki öðrum vörum frá Eat Real.

Upplýsingar um vöruna:

Vörunúmer: 206004

Lota: Allar á markaði

Strikamerki: 5026489489858

Magneining: 113g.

Geymsluskilyrði: Purrvara

Framleiðandi: Eat Real

Framleiðsluland: Bretland

Viðskiptavinum sem keypt hafa vöruna bent á að þeir geta skilað henni til Innes, Korngörðum 2, 104 Reykjavík.

Innes biður viðskiptavini sína sem hafa orðið fyrir óþægindum vegna þessa innilegrar afsökunar. Nánari upplýsingar veitir gæðastjóri Innes í síma 532 4000 eða í gegnum netfangið ts@innes.is.

